

**Umsögn utanríkisráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um aukin áhrif Íslands á mótun og töku ákvarðana á vettvangi Evrópusamstarfs**  
**62. mál**

Utanríkisráðuneytið hefur allt frá gildistöku EES samningsins lagt áherslu á mikilvægi þess að sem víðtækust þátttaka væri í Evrópusamstarfi af hálfu starfsmanna stjórnarsýslunnar, ráðuneyta og stofnana á öllum þeim stigum þar sem það stendur til boða. Á það bæði við um þátttöku í starfi innan framkvæmdastjórnar ESB, stofnana ESB eða innan EFTA. Í þessu skyni var sendiráð Íslands í Brussel eftir til muna við gildistöku EES samningsins og síðar á ný með tilkomu Schengensamningsins. Um nokkurt skeið voru þannig fulltrúar frá öllum ráðuneytum starfandi í sendiráðinu.

Það sem að baki liggur er það markmið að hafa með sem beinustum hætti áhrif á mótun þeirrar löggjafar sem á endanum ratar inn í EES samninginn og eftir atvikum Schengensamninginn og síðar í íslenska löggjöf.

Í ljósi þessa hefur ráðuneytið ávallt horft með jákvæðum hætti á allar tillögur sem lúta að því að styrkja þessa beinu aðkomu að mótun evrópsks regluverks sem tengist þeim samningum sem í gildi eru milli ESB og Íslands. Hinu sama gegnir um þá tillögu sem hér um ræðir.

Hið sama gildir ekki síður um samskipti af sama meiði á vettvangi stjórnmalanna, t.d. við Evrópuþingið eða einstök aðildarríki ESB.

Í framhaldi af tillögum Evrópunefndar frá mars 2007 um aukna þátttöku stjórnmalanna og embættismanna í hagsmunagæslu tengdri Evrópustarfi gerði utanríkisráðuneytið greiningu á mögulegum atriðum til eftirfylgni. Sneri sú greining bæði að upplýsingagjöf og samráði innanlands, sem og starfsemi sendiráðsins í Brussel. Var þetta jafnframt hluti af umfjöllun innan Stjórnarráðsins í heild, enda gegna önnur ráðuneyti stóru hlutverki í rekstri EES-samningsins.

Skýrsla nefndar um þróun Evrópumála, sem sett var á laggirnar af þáverandi ríkisstjórnarflokkum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í mars 2008, vísar til þessarar eftirfylgni ráðuneyta. Þar kemur m.a. fram að einstök ráðuneyti hafi tekið mið af tillögnum við endurskoðun verklags á sviði EES-samningsins, sendiráðið í Brussel hafi innleitt sumar af tillögnum og að EES-tengiliðir Stjórnarráðsins hafi fjallað um mögulegar útfærslur á tillögnum. Nefndin vísar jafnframt til þess að við mat á aðgerðum verði að taka mið af breyttum efnahagsaðstæðum í þjóðfélaginu, enda myndu sumar af tillögum Evrópunefndar hafa í för með sér talsverða kostnaðaraukningu sem ekki væri auðsött á tímum aðhalds í ríkisrekstri.

Utanríkisráðuneytið hefur lagt áherslu á að eiga víðtækt samráð við Alþingi um skuldbindingar EES-samningsins. Utanríkisráðherra flytur árlega skýrslu um utanríkis- og alþjóðamál til þingsins, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar um þróun EES-mála. Meðal þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á ferli EES-mála síðustu ár, í samræmi við reglur Alþingis um þinglega meðferð EES-mála sem samþykktar voru í október 2008, er að ESB-gerðir sem fyrirhugað er að fella inn í EES-samninginn og kalla á lagabreytingu hér á landi eru sendar utanríkismálanefnd til skoðunar áður en viðræður um aðlögun eða upptaka í EES-samninginn á sér stað. Þá er upplýsingum miðlað og haft samráð við utanríkismálanefnd fyrir

fundi í sameiginlegu EES-nefndinni. Jafnframt leggur utanríkisráðherra fram þingsályktunartillögu til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Allt þetta eykur aðkomu Alþingis og styrkir hagsmunagæslu Íslands á vettvangi EES.

Líkt og kemur fram í framangreindri skýrslu nefndar um Evrópumál hafði bankahrunið í október 2008 töluverð áhrif á eftirfylgni sumra af tillögum Evrópunefndarinnar. Má þar nefna fleiri ferðir embættismanna og aukna fundaðttöku sérfræðinga í Brussel, sem og hugsanlegar sérfræðingastöður hjá Evrópusambandinu á kostnað íslenska ríkisins. Breytingar í þessa veru myndu fela í sér verulega aukin fjárútlát til EES-samstarfsins. Jafnframt má nefna að önnur ráðuneyti hafa dregið saman seglin í sendiráði Íslands í Brussel síðustu ár, sem gengur þvert á hugmyndir nefndarinnar um aukna þátttöku í fundum og stefnumótun, m.a. í málefnum sem falla undir Schengen-samstarfið.

Þrátt fyrir þessa stöðu hafa tengsl Íslands og ESB verið þétt, bæði á sviði embættismanna og stjórn mála. Hafa þær aðstæður sem fyrr verið nýttar til að tala máli Íslands í margvíslegum hagsmunamálum sem hafa meira og minna snúið að mótun evrópskrar löggjafar.

Af framangreindu má sjá að utanríkisráðuneytið brást við tillögum Evrópunefndar um aukna hagsmunagæslu með ítarlegum tillögum þess efnis. Ákveðnum atriðum hefur verið hrint í framkvæmd, en þegar kemur að hagsmunagæslu innan EES þá er það aukin fundarsókn með tilheyrandi ferðakostnaði og styrkingu sendiráðsins í Brussel sem myndi skila mestum árangri. Þeir fjármunir sem ráðstafað hefur verið til reksturs EES-samningsins undanfarin ár innan stjórnsýslunnar almennt hafa ekki gefið svigrúm til aukinnar þátttöku að þessu leyti.